



Alþingi
Félagsmála nefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

3.5. 2006

Efni: Frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar, 742. mál.

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar, 742. mál þingsins.

Frumvarp þetta byggir á skýrslu nefndar frá nóvember 2005 sem Samtök atvinnulífsins áttu aðild að. Einnig var haft samráð við aðila vinnumarkaðarins við endanlega gerð frumvarpsins. Samtökin styðja því efni þess og mæla með að það verði samþykkt.

Það eru vissulega þættir í frumvarpinu sem Samtök atvinnulífsins telja að betur megi fara en telja sig ekki í stöðu til að krefjast breytinga á, enda um þætti að ræða sem byggja á málamiðlun eða samningum.

Stærsta nýmæli frumvarpsins er tekjutenging atvinnuleysisbóta á þriggja mánaða tímabili. Tekjutenging atvinnuleysisbóta og sú mikla hækkun bóta sem í henni felst getur haft ýmis óæskileg vinnumarkaðsleg áhrif. Hætta er á að kerfislægt atvinnuleysi aukist, þar sem hvati til atvinnuleitar minnkar á tímabili tekjutengingarinnar, bótatímabil einstaklinga lengjast af þeim sökum og hætta á því að þeir falli út af vinnumarkaði eykst. Þá munu útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs aukast verulega, sem að lokum mun skila sér í auknum álögum á atvinnulífið. Hvort tveggja, þ.e. aukið kerfislægt atvinnuleysi og auknar álögur á atvinnulífið, er til þess fallið að draga úr sveigjanleika og styrk íslensks vinnumarkaðar.

Samtök atvinnulífsins telja þó óhjákvæmilegt að tekjutenging atvinnuleysisbóta verði samþykkt enda byggir hún á samkomulagi SA og ASÍ frá 15. nóvember 2005 í tengslum við endurskoðun á forsendum kjarasamninga. Við samningsgerðina kröfðust SA hins vegar þess að litið yrði til hámarksfjárhæða og hlutfalls bóta af launum sem viðgangast í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, en í þessum löndum er ýmist miðað við lægra hlutfall heildarlauna eða lægri hámarksfjárhæð tekjutengdra bóta. Niðurstaða samningaviðræðna varð ákveðin málamiðlun sem SA standa að sjálfsögðu við.



Það er hins vegar mikilvægt að upplýsa á hvaða forsendum þetta samkomulag byggði af hálfu SA. Samtök atvinnulífsins hafa lagt á það mikla áherslu að ekki megi hrófla við sveigjanleika hins íslenska vinnumarkaðar. Ráðningarsamband milli launþega og atvinnurekanda er frjálst samningssamband og takmarkanir við slitum ráðningarsamninga felast fyrst og fremst í gagnkvæmum uppsagnarfresti skv. lögum og kjarasamningum. Fyrirtækin geta áhyggjulítið ráðið nýtt starfsfólk þótt ekki sé endilega um varanleg verkefni að ræða enda geta þau án mikillar skrifinnsku, samráðs, samningaviðræðna eða hættu á málaferlum fækkað starfsfólki á nýjan leik ef verkefni dragast saman. Sveigjanleiki vinnumarkaðarins á því ótvírætt stóran þátt í því að störfum hefur fjölgað mikið á Íslandi á undanförunum árum og áratugum og atvinnuleysi hefur verið mun lægra á Íslandi en í flestum öðrum ríkum Evrópu, jafnframt því sem framleiðni hefur aukist. Íslenski vinnumarkaðurinn er þannig um margt til fyrirmyndar og veitir Íslandi mikið samkeppnisforskot.

Sveigjanleika fylgir hins vegar ábyrgð og því voru Samtök atvinnulífsins tilbúin til þess að skoða þann möguleika að taka upp tekjutengingar atvinnuleysisbætur í nefnd félagsmálaráðherra um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar. Atvinnulífið gæti hugsanlega fallist á það óhagræði og tjón fyrir vinnumarkaðinn sem óhjákvæmilega fylgir tekjutengingu atvinnuleysisbóta enda væri mun meira í húfi, þ.e. að varðveita og treysta í sessi sveigjanleika á vinnumarkaði.

Í nefnd þeirri sem skilaði skýrslu um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar voru þessar áherslur SA kynntar og í viðræðum við ASÍ í tengslum við samningsforsendur kjarasamninga var ASÍ gerð grein fyrir því að forsenda fyrir tekjutengingu bóta væri áframhald kjarna íslenska sveigjanleikans; að ekki yrðu settar skorður við almennri uppsagnarheimild atvinnurekanda.

Þetta kerfi hefur erlendis verið nefnt „flexsecurity“ eða sveigjanleiki með tryggingu. Á móti miklum sveigjanleika atvinnurekanda til að fækka starfsmönnum komi traust bótakerfi með sanngjörnum atvinnuleysisbótum og virkar vinnumarkaðsaðgerðir. Mörg lönd Evrópu leita leiða til að auka hjá sér sveigjanleikann og blása þannig í glæður staðnaðs atvinnulífs og lágrar framleiðni en eins og dæmin sanna er oft óhægt um vik að draga úr þeim höftum sem í gildi hafa verið.

Frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar endurspeglar þessa hugsun því einungis þeir sem sagt er upp af hálfu atvinnurekanda, án þess að eiga sjálfir sök á uppsögn, eiga rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum. Starfsmenn sem segja sjálfir upp störfum eða er sagt upp vegna brota í starfi eiga því einungis rétt á grunnbótum og það ekki fyrr en viðurlagatími er liðinn. Atvinnulífið tekur þannig á sig ábyrgð vegna þeirra sem segja verður upp störfum og tryggir þeim tekjutengdar atvinnuleysisbætur í allt að þrjá mánuði þegar samningsbundnum uppsagnarfresti er lokið. Starfsmenn fá því góðan tíma og fjárhagslegan stuðning þegar þeir fara í atvinnuleit.

Tekjutenging atvinnuleysisbóta kostar mikið fé og ekki er ljóst á þessari stundu hvort áætlanir um kostnaðarauka séu raunhæfar. Ekki er í þeim tölum gert ráð fyrir fjölgun þeirra sem til þessa hafa ekki talið borga sig að sækja um bætur, s.s. sérfræðingar og stjórnendur. Vegna þessa mikla kostnaðarauka var samkomulag um í nefnd



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

félagsmálaráðherra að kostnaði vegna vinnumarkaðsaðgerða yrði létt af sjóðnum og hann færður yfir á ríkissjóð. Skilja má umsögn fjárlagakrifstofu fjármálaráðuneytisins á annan veg en afstaða félagsmálaráðuneytisins hefur verið skýr í þessum efnum. Gera verður því ráð fyrir auknum útgjöldum ríkissjóðs og lækkun útgjalda Atvinnuleysisstryggingasjóðs hvað þennan þátt varðar.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri